

Solla safnar fyrir úri

Gert er ráð fyrir það þessi verkefni séu unnin í réttri röð.

Solla er að safna sér peningum fyrir úri.
Úrið kostar 500 krónur.



Solla byrjaði á að telja í sparibauknum sínum.
Þar var einn 100 kr. peningur, þrjú 10 kr. peningar, einn 5 kr. peningur og fimm 1 kr. peningar.

Hvað átti Solla mikinn pening í sparibauknum sínum?

Solla sá að hún átti ekki nógu mikinn pening fyrir úrinu svo hún ákvað að selja flöskur.

Hún fékk fjórar gosflöskur hjá mömmu sinni sem hún seldi í Endurvinnsluna.

Hún fékk 15 kr. fyrir hverja flösku.

Hvað fékk hún mikinn pening fyrir allar flöskurnar?



Solla fór út í búð fyrir ömmu sína.

Amma lét hana fá 200 krónur og sagði henni að kaupa tvo lítra af mjólk sem kostuðu samtals 160 krónur.

Solla mátti svo eiga afganginn af peningunum.

Hvað fékk Solla mikinn pening í afgang?





Solla fór til Binna nágranna sem á hund. Hún bauðst til að fara út að ganga með hundinn.

Binni bað Sollu um að fara þrisvar í vikunni út að ganga með hundinn. Hún átti að fá 15 krónur fyrir hvert skipti.

Hvað fékk Solla samtals mikinn pening fyrir að fara út með hundinn hans Binna?

Nína frænka bað Sollu um að passa Nonna litla í 4 klukkustundir.

Hún borgaði Sollu 20 krónur fyrir hverja klukkustund.

Hvað fékk Solla mikinn pening fyrir að passa Nonna?



Hvað á Solla mikla peninga núna?

Hvað á hún eftir að safna miklu?

Pabbi var að taka til í skúffunni sinni og fann nokkra peninga sem hann gaf Sollu.

Hún fékk einn 50 kr. pening, fjóra 10 kr. peninga og sjö 1 kr. peninga.

Hvað fékk Solla mikla peninga hjá pabba sínum?





Hvað á Solla mikla peninga núna?

Er hún komin með nóg?



Mamma sagði að Solla
mætti taka nokkrar flöskur til
að selja svo hún gæti keypt
úrið.

Hvað þarf Solla að selja
margar flöskur?

